



FUNDARGERÐ
1. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 21. ágúst 2018
og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir oddviti, Haraldur Eiríksson aðalmaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir aðalmaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir oddviti, Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri og Valtýr Valtýrsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sat fundinn Klara Viðarsdóttir undir lið 2.

Dagskrá:

1. Verkaskipting og fyrirkomulag í samræmi við samþykktir - 1808015

Yfirferð og kynning á samþykktum og þjónustusamningi.

Í upphafi fundar var farið yfir samþykktir fyrir Odda bs. Þar kemur fram í 3. gr að lögð skuli fram í upphafi kjörtímabils áætlun til næstu fjögurra ára um eflingu skólustarfsins. Ákveðið að leggja fram drög að slíkri langtímaáætlun á næsta fundi Odda bs., í samráði við skólastjórnendur, sem jafnframt er s.k. haustfundur. ÁS falið að kalla eftir gögnum frá skólastjórnendum. Í 10. gr kemur fram að samþykktir byggðasamlagsins skuli endurskoðaðar fyrir árslok 2018. Einnig var farið yfir gildandi þjónustusamning Odda bs við Rangárþing ytra.

2. Rekstraryfirlit Odda bs 16082018 - 1808013

Yfirlit um launakostnað og rekstur Odda bs jan-júl 2018

Farið yfir rekstur Odda bs janúar til júlí.

3. Nemendur Odda 2018-2019 - 1808012

Yfirlit frá skólastjórum um fjölda nemenda á komandi vetri.

Lagðir fram til kynningar listar yfir skráða nemendur í öllum skólum Odda bs haustið 2018. Fjöldi nemenda er sem hér segir:

Leikskólinn á Laugalandi: 38

Leikskólinn Heklukot: 72

Grunnskólinn á Hellu: 121

Grunnskólinn á Laugalandi: 76

Umræður urðu um aðstöðu og mannafla á leikskólum Odda bs. ÁS falið að kalla eftir frekari upplýsingum um hámarksfjölda rýma á leikskólunum miðað við hámarksnýtingu húsnæðis og leggja fram á næsta fundi.

4. Erindi vegna skólaaksturs í Laugalandsskóla - 1805025

Búnaður skólabíla og reglur þar um.

BT
KVV

Fyrir fundinum lá erindi frá foreldrum barna við Laugalandsskóla þar sem þeim áhyggjum er lýst að öryggi sé ekki nægt í skólabíl og sæti séu án höfuðpúða og ekki með þriggja punkta belt. Upplýsingar liggja fyrir frá skólastjóra að bætt hafi verið úr með höfuðpúða þannig að allar skólabifreiðar á vegum Odda bs eru með höfuðpúðum. Þá liggur það fyrir að bifreiðarnar uppfylla núverandi kröfur hvað öryggi varðar sbr. reglur þar um. Tillaga er um að yfirfara reglur um skólaakstur á vegum Odda bs og var hún samþykkt samhljóða.

5. Umsókn um námsvist - 1808017

Umsókn frá Hafnarfjarðarkaupstað um námsvist.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fundargerð yfirlésinn og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.


Björk Grétarsdóttir


Haraldur Eiríksson


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Ásta Berghildur Ólafsdóttir


Agúst Sigurðsson


Valtýr Valtýrsson